

STE-0294 Stefna um gervigreind

Stefna um gervigreind LHÍ

Tilgangur

Þessar leiðbeiningar skýra hvernig starfsfólk og nemendur mega nýta gervigreindartól eins og ChatGPT, Microsoft Copilot eða önnur spunagreindartól í starfi og námi hjá LHÍ. Markmiðið er að tryggja örugga, siðferðilega og löglega notkun í samræmi við íslensk lög, persónuverndarreglugerðarinnar og skólareglur LHÍ.

Skilgreiningar

- Gervigreind (AI): Regnhlífarhugtak um kerfi sem framkvæma verkefni sem venjulega krefjast mannlegrar greindar, svo sem vinna úr gögnum eða framkvæma greiningar. Ekki öll gervigreind er spunagreind.
- Spunagreind: Gervigreind sem býr til nýjan texta, myndir, hljóð eða kóða út frá fyrirmælum. Spunagreind er sérhæfð í að framleiða nýtt efni í stað þess einungis að greina eða spá.
- Persónuupplýsingar: Gögn sem tengja má við tiltekinn einstakling (samkvæmt lögum nr. 90/2018).

Gildissvið

Gildir fyrir allt starfsfólk (kennara, stjórnendur, tækniaðstoð) og nemendur þegar gervigreind er notuð í tengslum við háskólastarf, þar með talið kennslu, samskipti, stjórnsýslu og rannsóknastuðning.

Stefnu þessi tekur mið af:

- Skólareglum LHÍ (þ.m.t. 19. gr. um hugverk og 32. gr. um brot á reglum skólans),
- Siðareglum LHÍ,
- Persónuverndarstefnu LHÍ,
- Leiðbeiningum LHÍ um gervigreind fyrir kennara og nemendur.

Leyfileg notkun:

Starfsfólki og nemendum er heimilt að nota gervigreind:

- við undirbúning textagerðar, tölvupóstaskrifa og skýrsludraga (með mannlegri yfirferð á innihaldi og ritstýringu).
- til hugmyndavinnu fyrir kennslu eða stjórnsýslu.
- til samantekta eða einföldunar almennra upplýsinga.
- til þýðinga og endurorðunar á texta (með mannlegri yfirferð á innihaldi og ritstýringu).

Við notkun gervigreindar gilda sömu reglur og um notkun annarra heimilda, n.t.t. að vísa þarf til áreiðanlegra heimilda. Gervigreind telst ekki sjálfstæð áreiðanleg heimild.

Takmarkanir:

Ekki má setja inn:

- Persónuupplýsingar, s.s. nöfn nemenda, einkunnir, auðkenni eða netföng.
- Heilbrigðisupplýsingar, fjárhagsgögn eða trúnaðargögn úr rannsóknum.

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Stefna
Útg.d:	24.11.2025
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Gæðastjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]



- Trúnaðargögn LHÍ, t.d. próf, innri áætlanir eða fjárhagsupplýsingar.
- höfundarvarið efni án viðeigandi leyfis.

Einnig skal hafa í huga:

- Alltaf þarf að yfirfara og ritstýra gervigreindarefni áður en það er notað.
- Gervigreind má ekki nota til að taka endanlegar ákvarðanir í námi eða stjórnsýslu.

Gagnsæisfirlýsing:

Upplýsa skal um umtalsverða notkun gervigreindar. ([Umtalsverð notkun gervigreindar -Significant AI Use.docx](#))

Umtalsverð notkun gervigreindar er þegar gervigreind hefur haft afgerandi áhrif á innihald, ferli eða niðurstöðu verks, hvort sem það er í formi texta, myndefnis, hljóðs eða greiningar. Þetta getur verið vegna umfangs, mikilvægi eða eðlis notkunarinnar.

Í slíkum tilfellum skal fylla út gagnsæisfirlýsingu og skila með verkefni.

Sniðmát:

„Við vinnslu þessa verks var notuð gervigreind [töl, útgáfa] til [hugmyndavinnu/samantekta/þýðinga]. Allt efni var yfirfarið og staðreynt af [nafn/hlutverk] þann [dagsetning].“

Fyrir þýðingar:

„Vinsamlegast athugið að eftirfarandi skjal er gervigreindarþýðing á upprunalegum skjali [xxx]. Ef efni þessara tveggja skjala stangast á gildir upprunalegi textinn.“

Brot og viðurlög:

Notkun gervigreindar sem er í ósamræmi við reglur LHÍ, þ.m.t. gervigreindarstefnu þessa, skólareglur, siðareglur eða ákvæði um hugverk telst brot á reglum skólans.

Viðurlög við brotum á stefnu þessari kunna að vera:

- Fall í verkefni eða námskeiði
- Áminning
- Tímabundin brottvikning verði ekki brugðist við áminningu
- Varanleg brottvikning verði ekki brugðist við áminningu
- Fyrirvaralaus tímabundin eða varanleg brottvikning.

Viðbrögð við brotum á gervigreindarstefnu LHÍ eru ákveðin af rektor og stjórnanda viðkomandi deildar/sviðs sem heimild hafa til að veita nemanda/starfsmanni áminningu eða víkja úr námi eða starfi.

Samskipti:

Fyrirspurnum um notkun gervigreindar eða persónuvernd skal beina til:

- Gervigreindarteymi LHÍ: ai@lhi.is
- Kennsluþróunarstjóra, eliza@lhi.is

Í sérstökum tilvikum vísar gervigreindarteymi LHÍ málum áfram til Persónuverndarfulltrúa LHÍ.

Samþykkt í framkvæmdaráði 21. nóvember, 2025

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Stefna
Útg.d:	24.11.2025
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Gæðastjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]